

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. gr. samþykktar um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 19.900 og kr. 11.900 á hvert heimili í dreifbýli Borgarbyggðar. Auk þess hefur sveitarstjórn ákveðið að sorpgjald frístundahúsa verði kr. 7.500.

Fyrir hvert aukasorpilát í þéttbýli skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 10.000.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við lið 08 Vélavinna og akstur í byggingarvístölu fjölbýlishúss um hver áramót. Neðangreind verð miða við grunnvísitölu 266,6.

	kr.
Brotmálmar	1.200 per m <sup>3</sup>
Brotmálmar	4.700 per tonn
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva)	5.900 per stk.
Timbur	700 per m <sup>3</sup>
Grófur úrgangur (grjót, gler, garðaúrgangur, jarðvegur o.s.frv.)	650 per m <sup>3</sup>
Pappír (ekki bylgjupappi)	1.750 per m <sup>3</sup>
Blandað pressanlegt sorp	1.750 per m <sup>3</sup>

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag ofan á ofangreint verð.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af úrgangi frá heimilum í einu án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 8. febrúar 2007.*

**Páll S. Brynjarsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007